

**Nd.**

**453. Breytingartillögur**

[149. mál]

við frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Við 1. gr. bætist:

Staðarvalið skal þó háð því að uppfyllt séu ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd og ákvæði 4., 9. og 10. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, nr. 164/1972.

2. Við 3. gr.

a. 1. töluliður orðist svo:

Að leggja fram allt að 2 340 milljónum króna (eða jafnvirði 15.6 milljóna Bandaríkjadollara) til að eignast 65% af hlutafé í félaginu. Einnig er henni heimilt að taka lán í sama skyni.

b. Við bætist nýr töluliður:

6. Að gera samning við verksmiðjuna sem tryggi að hún greiði allan kostnað við framkvæmdir þær sem um getur í 2.—5. lið.

3. Við 5. gr. Fyrsti málslíður orðist svo:

Fulltrúar íslenska ríkisins í stjórn fyrirtækisins skulu vera fimm og kjörnir hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til árs í senn, svo og varamenn þeirra.

4. Við 6. gr. Við fyrri málslíð bætist:

Þó skal greiðsla fyrir tækniþjónustu Union Carbide í formi hlutabréfa ekki vera hærrí en 2.3 milljónir dollara, meðalsölulaun ekki hærrí en 3% og meðalraforkuverð fyrstu 8 árin ekki lægra en 8 mill/kWh.

5. Við 7. gr. Niður falli úr 3. málsg. orðin „án tillits til breytinga, sem verða kunna á almennum lögum um þá skatta“.

6. Við 8. gr. Niður falli úr 1. málsg. orðin: „án tillits til breytinga á íslenskum skattalögum“.